



Kópavogi, 28. október 2021
2102346/510.03 BV

Efni: Ferill máls

Handknattleiksfélag Kópavogs hefur sótt um byggingarleyfi fyrir breytingu á skilti við Breidd í Kópavogi. Sótt er um að breyta tveimur flettiskiltaflötum í stafræna fleti. Skjár 1 sem mun snúa í norð-austur frá íbúabyggð í Kópavogi og skjár 2 sem mun snúa í suð-austur frá íbúabyggð í Kópavogi.

Sent var erindi á eftirtalda aðila og óskað eftir umsögn:

- Vegagerðin
- Samgöngustofa
- Reykjavíkurborg

Umsögn barst frá öllum aðilum, sjá viðhengi.

- Umsögn Vegagerðarinnar dags. 17. ágúst 2021.
- Umsögn Samgöngustofu dags. 30. september 2021.
- Umsögn Reykjavíkurborgar dags. 20. október 2021.

Virðingarfyllst,

Bjarki Valberg
Umhverfisfulltrúi

Katrín Halldórsdóttir - VG <katrin.halldorsdottir@vegagerdin.is>

Til : Bjarki Valberg
Frá : Katrín Halldórsdóttir - VG <katrin.halldorsdottir@vegagerdin.is>
CC : Bryndís Friðriksdóttir - VG <bryndis.fridriksdottir@vegagerdin.is>
Heiti : RE: Umsókn um skilti - Breiddin - Ljósskilti - Ósk um umsögn
Málsnúmer : 2102346
Málsaðili : Handknattleiksfélag Kópavogs
Skráð dags : 17.8.2021 16:20:16
Höfundur : Katrín Halldórsdóttir - VG <katrin.halldorsdottir@vegagerdin.is>

Viðhengi

[image002.png](#)

Umsögn Vegagerðarinnar varðandi umsókn um leyfi fyrir stafrænu skilti í stað flettiskiltis.

Sótt er um leyfi fyrir stafrænu skilti í stað flettiskiltis Handknattleiksfélags Kópavogs (HK) sem er staðsett við Breidd í Kópavogi.

Vegagerðin leggst gegn auglýsingaskiltum sem beint er að umferð vegna umferðaröryggissjónarmiða. Stefna Vegagerðarinnar er að stuðla að öruggum samgöngum þar sem að öryggi einstaklinga er forgangsatriði. Stafrænt auglýsingaskilti er enn meira til þess fallið, en flettiskilti, til að fanga athygli ökumanna. Slíkt kann að draga úr umferðaröryggi. Vegagerðin bendir á 90 gr. umferðarlaga, Auglýsingaskilti við veg, en í þeirri lagagrein er veghaldara heimilt að hafna umsóknum um uppsetningu á auglýsingaskiltum sem beint er að vegi Veghaldara.

Vegagerðin samþykkir ekki breytingu flettiskiltis í stafrænt skilti við Breidd í Kópavogi þar sem breytingin er til þess fallin að fanga athygli ökumanna sem kann að draga úr umferðaröryggi.

B.kv.,
Katrín



Katrín Halldórsdóttir

Verkfræðingur
Höfuðborgarsvæði

kah@vegagerdin.is

Engineer
Capital Area

[+354 522 1026](tel:+3545221026)
[+354 697 3250](tel:+3546973250)

Vegagerðin
Icelandic Road and
Coastal Administration

Suðurhraun 3, 210 Garðabær
vegagerdin.is

From: Bjarki Valberg

Sent: miðvikudagur, 11. ágúst 2021 08:48

To: Katrín Halldórsdóttir - VG

Subject: Umsókn um skilti - Breiddin - Ljósskilti - Ósk um umsögn

Sæl Katrín,

Meðfylgjandi er umsókn frá Handknattleiksfélagið Kópavogs um að breyta núverandi fléttiskilti sem staðsett er við Breiddina í Kópavogi.

Sótt er um eftirfarandi breytingar að fá leyfi til að breyta tveimur fléttiskiltum í stafræna fleti. Um er að ræða breytingu á tveimur fletum skiltis.

Hlið sem snýr til norð-austurs og hlið sem snýr til suð-austurs en nánar er greint frá þessu í umsókninni.

Skiltið stendur við jaðar samgöngumannvirkis þar sem Nýbýlavegur, Breiðholtsbraut og Reykjanesbraut mætast og óskað er eftir umsögn

frá Vegagerðinni varðandi umsókn um þá breytingu sem óskað er eftir í viðhengi að breyta núverandi flötum fléttiskiltis í rafræna fleti.

Með kveðju,



Bjarki Valberg
Skipulagsfræðingur
Umhverfissvið
Skipulags- og byggingardeild
Sími 441-0000

Kópavogsbær | Digranesvegur 1 | 200 Kópavogur

Þessi tölvupóstur og viðhengi gæti innihaldið trúnaðarupplýsingar og/eða einkamál og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á. Ef sending þessi hefur ranglega borist yður vinsamlega gætið fyllsta trúnaðar, tilkynnið sendanda og eyðileggið sendinguna eins og skylt er skv. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti.

The information transmitted, including any attachment, may contain confidential and/or privileged material and is intended only for the addressee. If you receive this in error, please keep the information confidential, contact the sender and delete the material from your system.

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026

Edda Doris Meyer - SGS <edda.d.meyer@samgongustofa.is>

Til : Bjarki Valberg
Frá : Edda Doris Meyer - SGS <edda.d.meyer@samgongustofa.is>
Heiti : RE: Skiltamál
Málsnúmer : 2102346
Málsaðili : Handknattleiksfélag Kópavogs
Skráð dags : 30.9.2021 14:07:25
Höfundur : Edda Doris Meyer - SGS <edda.d.meyer@samgongustofa.is>

Viðhengi

[image004.jpg](#)

[image003.jpg](#)

[image002.png](#)

[image005.png](#)

[image006.png](#)

Sæll Bjarki.

Samgöngustofa gerir enga sérstaka athugasemd er varðar skiltið. Ef skiltið er innan veghelgunarsvæðis þarf þó samþykki veghaldara.

Samgöngustofa bendir á að ljósaskilti skapa hættu í umferðinni og geta verið truflandi enda tilgangur þeirra að fanga athygli vegfarenda.

Í vegalögum nr 50/2007. Grein 32 segir:

"Byggingar, leiðslur, auglýsingaspjöld, skurði eða önnur mannvirki, föst eða laus, má ekki staðsetja nær vegi en 30 m frá miðlínu stofnvega og 15 m frá miðlínu annarra þjóðvega nema leyfi veghaldara komi til. Óheimilt er að reisa mannvirki nema með leyfi veghaldara við vegamót vega skv. 1. mgr. á svæði sem takmarkast af beinum línun milli punkta á miðlínu vega 40 m frá skurðpunkti þeirra. Veghaldari getur ef sérstaklega stendur á fært út mörk þessi, allt að 150 m.

Veghaldari getur ákveðið að fjarlægð mannvirkja frá vegi skv. 1. mgr. skuli aukin. Enn fremur getur veghaldari leyft að fjarlægð verði minnkuð á tilteknum köflum ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi."

Með kveðju / Best regards,

Edda Doris Meyer

Eftirlitsmaður / Inspector Road Infrastructure

Samgöngustofa 
 ICELANDIC TRANSPORT AUTHORITY
 Ármúli 2 - 108 Reykjavík - Iceland
 Sími / Phone +354 480 6000
www.samgongustofa.is - www.icetra.is

From: Bjarki Valberg <Bjarki.Valberg@kopavogur.is>
Sent: 27.09.2021 12:22 e.h.
To: Fræðsla og forvarnir <fraedsla@samgongustofa.is>
Subject: FW: Skiltamál

Góðan daginn,

Tölvupóstur var sendur á Einar Magnússon sem gaf upp þetta pósthfang meðan hann er fjarverandi.

Til Kópavogsbæjar hefur borist umsókn frá Handknattleiksfélagi Kópavogs varðandi skilti við Breiddina í Kópavogi.

Sótt er um leyfi til að breyta tveimur flötum á núverandi flettiskilti við Breidd í Kópavogi. Skjár 1 mun snúa í norð-austur og skjár 2 í suð-austur. Sjá myndir af neðan.

Gert er ráð fyrir að kvaðir verði settar um að skiptingar á milli auglýsinga verða að taka a.m.k. 3 sek til að valda ekki truflun akandi eða geta haft áhrif á þá sem eru flogaveikir. Enn frekar eru öll blikk frá skilti, hvort sem er með hléum eða stanslaus, með hreyfanlegu ljósi eða ljósum ekki leyfilegt.



Sjá mynd af skilti.



Sjá mynd af hliðum skiltis sem sótt er um.



Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026



Varðandi ljósmagn og lýsingu þá er miðað við að á daginn væri lýsing (ljósstig) < 5000 NITS og á kvöldin væri lýsing (ljósstig) < 500 NITS. Ljósmagn takmarkað við (ambient light + 6.5) lux við 10 metra. Jafnframt er líklegt að sett verði fram að skiltið verði ekki bjartara en ljósmagn dagbirtu hvers dags. Slökkt yrði á skiltinu kl. 22.00 á kvöldin og kveikt kl. 7.00 að morgni.

Kópavogsbær vildi gera fyrirspurn um hvort Samgöngustofa vildi veita umsögn eða álit í málinu sökum staðsetningar skiltis.

Með kveðju,



Bjarki Valberg
Skipulagsfræðingur
Umhverfissvið
Skipulags- og byggingardeild
Sími 441-0000

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026

Kópavogsbær | Digranesvegur 1 | 200 Kópavogur

Þessi tölvupóstur og viðhengi gæti innihaldið trúnaðarupplýsingar og/eða einkamál og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á. Ef sending þessi hefur ranglega borist yður vinsamlega gætið fyllsta trúnaðar, tilkynnið sendanda og eyðileggið sendinguna eins og skylt er skv. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti.

The information transmitted, including any attachment, may contain confidential and/or privileged material and is intended only for the addressee. If you receive this in error, please keep the information confidential, contact the sender and delete the material from your system.

Fyrirvari á tölvupósti / e-mail disclaimer

<https://www.samgongustofa.is/um/um-stofnunina/husnaedi-simi-og-netfang/fyrirvari-vid-tolvupost/>

,

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026



Reykjavík 20.10.2021

Kópavogsbær
Bjarki Valberg
Digranesvegi 1
200 Kópavogur


Hér með sendist útskrift úr gerðabók skipulagsfulltrúa 18. október 2021 varðandi eftirfarandi mál.

Kópavogur

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 1. október 2021 var lagt fram bréf Kópavogsbæjar dags. 29. september 2021 þar sem óskað er eftir umsögn skipulagsfulltrúa vegna umsóknar Handknattleiksfélags Kópavogs um breytingar á skilti félagsins við stofnbraut í Breidd. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. október 2021.

Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 18. október 2021, samþykkt.

F.h. skipulagsfulltrúa


Þuríður Guðmundsdóttir

Fylgiskjal: umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. október 2021.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026



Kópavogur – Breytingar á skilti við Breidd (SN210676)

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 1. október 2021 var lagt fram bréf Kópavogsbæjar dags. 29. september 2021 þar sem óskað er eftir umsögn skipulagsfulltrúa vegna umsóknar Handknattleiksfélags Kópavogs um breytingar á skilti félagsins við stofnbraut í Breidd. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra



Skjáskot af auglýsingaskilti



Loftmynd af staðsetningu skiltis



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Umsögn

Í erindi Kópavogsbæjar dags. 29. september 2021 er eftir umsögn skipulagsfulltrúa vegna umsóknar Handknattleiksfélags Kópavogs um breytingar á skilti félagsins við stofnbraut í Breidd. Eins og fram kemur í erindinu er skiltið staðsett innan bæjarmarka Kópavogs og því ekki innan borgarmarka Reykjavíkur en sökum staðsetning skiltis í nánd við sveitarfélagsmörk Kópavogs og Reykjavíkur er leitað eftir umsögn Reykjavíkurborgar.

Niðurstaða

Skipulagsfulltrúi gerir ekki athugasemd við umræddar breytingar á tveimur flettiskiltaflötum í stafræna fleti en bendir á nauðsyn þess að óska eftir umsögn Vegagerðarinnar varðandi breytinguna enda skiltið staðsett við stofnbraut sem er á forsjá Vegagerðarinnar.

F.h. Skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Ólafur Melsted
landslagsarkitekt / verkefnastjóri

